



UMSÓKN UM VINNU Í VINNUSKÓLA SÚÐAVÍKUR

Sumarið 2023

(afhendist á skrifstofu Súdavíkurhrepps fyrir **19.maí nk.**)

Nafn:	_____			
kennitala:	_____			
Lögheimili:	_____			
Tímabil sem umsækjandi getur ekki unnið (sumarfrí):	_____			
Vinnuskólinn hefst 8. júní 2023 og stendur í 4 eða 6 vikur.				
Bankareikningur	kt	númer útibús	höfuðbók	númer reiknings
skráður á nafn og kennitölu umsækjenda	_____	_____	_____	_____

Rétt til vinnu í unglingavinnunni í allt að sex klst. á dag hafa unglingar sem fæddir eru: 2007, 2008 og 2009.
Unglingar fæddir 2010 hafa rétt til vinnu í allt að fjóra klst. á dag.

LAUN:

Unglingar fæddir 2007: 1.448 kr. pr. klst.

Unglingar fæddir 2008: 1.240 kr. pr. klst.

Unglingar fæddir 2009: 1.045 kr. pr. klst.

Unglingar fæddir 2010: 900 kr. pr. klst.

Skipulag starfsins:

Dagleg stjórn vinnuskólans er í höndum flokksstjóra. Helstu verkefni varða snyrtingu og fegrun Súdavíkur og umhverfi hans.
Unnið er alla virka daga vikunnar. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 14:00.

Röðun í vinnuflokka:

Vinnuskólinn lítur svo á að unglingar þurfi að venjast því að vinna með hverjum sem er. Þeim er því ekki raðað í hópa eftir vinnuhópum. Ekki er víst að þeir sem settir eru saman í hóp í upphafi sumars verði saman allt sumarið.

Kröfur til unglinga:

Gert er ráð fyrir því að unglingur sem sækir um vinnu í vinnuskólanum sé með umsókn sinni að lýsa áhuga sínum á því að vinna samvirkusamlega þau verk sem honum eru falin.

Honum ber að sýna kurteisi í samskiptum við flokksstjóra, íbúa og við aðra unglinga. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuástæður hverju sinni. Tóbaksnotkun er alfarið bönnuð, bæði í vinnu svo og í kaffitímum. Tóbaksnotkun svo og áfengisnotkun er einnig bönnuð í þeim ferðum sem farnar verða á vegum vinnuskólans.

Fari unglingur ekki að tilmælum flokksstjóra eða sætti sig ekki við þær starfs- og umhverfisreglur, sem gilda í vinnuskólanum verður honum gefið tækifæri til að bæta sig. Beri það ekki árangur er hann sendur heim launalaust í lengri eða skemmri tíma.

Ofnæmi eða aðrir kvillar:

Vinnuskólinn reynir að mæta vandamálum vegna ofnæmis eða annarra sambærilegra kvilla en verkefni eru mest tengd gróðri þ.e. oft er erfitt um vik. Til að hægt sé að taka tillit til slíkra beiðna verður að fylgja vottorð sérfræðings.

Staðfesting foreldra/forráðamanna: undirrituð(aður) staðfestir hér með að ég hef kynnt mér starf Vinnuskólans og mun styðja umsækjanda í því að uppfylla starfsreglur skólans. Jafnframt staðfestast ofangreindar upplýsingar um bankareikning o.fl.

undirskrift
vinnusími

kennitala

GSM

Ég undirrituð(aður) staðfesti hér með að hafa kynnt mér ofangreindar upplýsingar varðandi starfssemi Vinnuskóla Súdavíkur og mun leitast við að uppfylla starfsreglur skólans.

Dagsetning / 2023.

Undirskrift umsækjanda